

Steinunn Kristjánsdóttir
Jóhanna Bergmann

Ársskýrsla Minjasafns
Austurlands

1997

Steinunn Kristjánsdóttir
Jóhanna Bergmann

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands

1997

© Steinunn Kristjánsdóttir, Jóhanna Bergmann 1998.
Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 1997.
Skýrslur Minjasafns Austurlands V.
ISBN

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	4
VETRARSTARFSEMI 1997	4
SAFNAKENNSLA	5
SKRÁNING SAFNGRIPA	6
ÞJÓÐBÚNINGANÁMSKEIÐ	6
HIN ÁRLEGA JÓLAGLEÐI	7
BÓKAVAKA.....	7
SÉRSÝNING.....	7
SUMARSTARFSEMI 1997.....	7
TÓVINNA.....	7
HESTAKERRUFERÐIR	8
SUMARSÝNINGAR	8
GESTAFJÖLDI.....	9
FORNLEIFARANNSÓKN.....	9
ÚTGÁFUSTARFSEMI OG FYRIRLESTRAR	11
GJAFIR.....	12
INNLÁN - ÚTLÁN	12
STYRKTARAÐILAR	13

Inngangur

Minjasafn Austurlands var stofnað fyrir röskri hálfri öld en formlega opnað í nýju Safnahúsi á Egilsstöðum á Hvítasunnu 1996. Fram að opnun safnsins einskorðaðist starfsemi þess að mestu við innsöfnun og skráningu muna. Samhliða sýningahaldi og safnakennslu síðastliðin tvö ár hefur verið unnið markvisst að því að tölvuskra og forverja þessa muni að því marki sem mögulegt er, auk þess sem söfnun hefur haldið áfram.

Þó Minjasafn Austurlands sé gamalt að grunni til þarf að vinna hörðum höndum að því að það festist í sessi. Opnun sýninga er ekki nóg. Starfsemi þess má þó ekki staðna og þess vegna þarf að halda því lifandi. Slíkt gerist helst með auknum rannsóknum á einstaka gripum eða búháttum, síbreytilegri safnakennslu af ýmsu tagi fyrir börn sem fullorðna, jafnframt því sem endurnýjun sýninga er nauðsynleg. Það þarf einnig að efla kynningu á safninu út á við.

Árið 1997 var ýmislegt um að vera á safninu fyrir utan föstu sýninguna sem opnuð var vorið 1996. Safnakennslunni fyrir skólabörn á öllum aldri var framhaldið, svo og kennslu í þjóðbúningagerð. Fyrsta stóra fornleifarannsóknarverkefni safnsins hófst á árinu en miðað er að því að það standi yfir í þrjú ár. Fasta sýning safnsins var gerð lifandi með því að sýna þar tóvinnu, jurtalitun og sauðskinnskógerð. Boðið var upp á hestakerruferðir í gömlum hestvagni og kveðnar rímur í baðstofunni.

Tvær nýjar sýningar voru settar upp á árinu í tilefni af 50 ára afmæli Egilsstaðabæjar, rannsóknir safnsins voru einnig kynntar út á við með greinarskrifum og fyrirlestrum, auk þess sem unnið var að umsókn safnsins um styrk úr Rafaelsjóði Evrópusambandsins. Minjasafnið er nú orðið aðili fyrir Íslands hönd að evrópsku samstarfsverkefni 8 landa sem miðar að endurgerð og varðveislu fornra bygginga úr viði.

Hér á eftir verður starfsemi safnsins á árinu rakin en þar verður dregið í stuttu máli á ofangreinda þætti. Forstöðumaður safnsins, Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur, tók sér launalaust leyfi frá störfum frá byrjun októbermánuðar og leysti Jóhanna Bergmann mannfræðingur hana af. Steinunn greinir því hér frá starfsemi safnsins til septemberloka en Jóhanna mun greina frá starfsemi safnsins frá þeim tíma fram til áramóta. Aðrar breytingar á starfsmannahaldi á árinu voru þær að Gréta Ósk Sigurðardóttir var fastráðinn til safnsins í 60% starf eftir að starfstíma hennar í atvinnuátaksverkefni við safnið lauk um mánaðarmótin ágúst/september.

Vetrarstarfsemi 1997

Fyrstu fimm mánuði ársins unnu starfsmenn Minjasafnsins að því að hreinsa, forverja og skrá þá muni sem safnað hefur verið fyrir safnið á undanförunum áratugum. Markmiðið var að klára skráninguna fyrir sumaropnunina. Samhliða skráningu safngripa var áhersla lögð á safnakennslu handa leik-, grunn-, og framhaldsskólum í Múlasýslum.

Skrifstofa safnsins var opin alla virka daga frá kl. 9-12 og 13-17 en þar var m.a. tekið á móti safngripum og pöntunum í safnakennslu. Sýningarsalur var opinn gestum á föstudögum frá kl. 13-17 en hægt var að panta leiðsögn um salinn á öðrum tíma.

Krambúðin var opin á opnunartíma sýningarsalar. Starfsemi safnsins yfir vetrartímamann verður tíunduð nánar í köflunum hér á eftir.

Safnakennsla

Safnakennslu Minjasafnsins var haldið áfram frá hausti 1996 fram á vor 1997. Miðað var við að þátttakendur í kennslunni væru börn allt frá leikskólaaldri upp í framhaldsskólanemendur. Bréf var sent í alla skóla á Fljótsdalshéraði og á fjörðunum til kynningar á henni. Í kennslunni fór safnvörður með nemendur um sýningarsal safnsins og að því loknu voru þau látin gera verkefni um það sem fyrir augu bar. Verkefnin voru mismunandi eftir aldurshópum.

Leikskólabörnum var sögð saga sem tengdist sýningarmunum og noktun þeirra. Síðan voru léttar spurningar, um söguna og munina, lagðar fyrir börnin sem þau svöruðu munnlega. Nemendum í 1.-4. bekk voru afhentar teikningar, af munum í sýningarsalnum, sem þau áttu síðan að lita og segja skriflega til um það hvað væri á myndinni.

Verkefni nemenda í 5. - 8. bekkjum grunnskóla fólust í hópvinnu, þar sem 2-3 nemendur unnu saman við að svara ákveðnum spurningum um muni í sýningarsalnum. Spurt var um heiti nokkurra muna og notkun þeirra. Nemendur í 9. - 10. bekk grunnskóla voru einnig látin vinna í hóp, 2-3 saman. Nemendurnir gátu valið einn grip í sýningarsalnum og sagt skriflega frá honum í stuttu máli, s.s. heiti, aldur, notkun, o.s.frv. Hugmyndalisti var lagður fram til að auðvelda val á efni. Sýningartextinn var notaður sem heimild, auk þess sem bækur og uppflettirit lágu frammi til heimildaöflunar.

Einnig var boðið upp á safnakennslu fyrir framhaldsskólanemendur. Verkefni þeirra fólst í því að nemendurnir áttu að velja sér eitt þema úr sýningum safnsins og segja frá því skriflega. Hugmyndalisti með leiðandi spurningum var lagður fram til að auðvelda val á efni. Nemendum var einnig bent á að nýta sér Héraðsskjalasafnið í kjallara Safnahússins og Bókasafn Héraðsbúa á efri hæð þess til að afla sér nánari heimilda um valin viðfangsefni.

Vorið 1997 var auk hefðbundinnar safnakennslu gerð tilraun til að sýna gamlar aðferðir við rjóma- og smjörgerð. Til að hægt sé að skilja mjólkina verður að nota nýja mjólk sem ekki hefur náð að kólna. Vegna þeirrar tækni sem notuð er við mjaltir í dag getur reynst erfitt að ná í hana en vegna safnakennslunnar fékk starfsmaður safnsins leyfi til að mjólka kvígu með höndum á bæ einum nærri Egilsstöðum. Mjólkinn var síðan skilin í skilvindu og loks strokkuð í strokk af nemendum í 4. bekk grunnskólans á Egilsstöðum. Tilraunin heppnaðist ágætlega og fengu þátttakendur nýstrokkað smjör með sér heim að lokinni safnakennslu.

Í desembermánuði komu öll börn í þrem yngstu árgöngum Egilsstaðaskóla í heimsókn og spreyttu sig á að steypa kerti úr tólg. Safnstjóri tók á móti börnunum og kynnti þeim baðstofustemmnungu liðins tíma og þá lýsingu sem þá gafst.

Þátttaka í safnakennslunni var mjög góð vorið 1997. Hana sóttu bæði nemendur af Héraði, sem og frá fjörðunum. Um safnakennsluna sáu safnstjóri og Anna Fía Emilsdóttir. Safnakennslu með svipuðu sniði og að framan er lýst var fram haldið veturinn 1997-98. Ný saga var valin fyrir leikskólabörnin og verkefnin fyrir grunnskólabörn endurnýjuð. Alls komu rúmlega 500 börn í fylgd kennara sinna á safnið vetrarmánuði ársins.

Skráning safngripa

Fyrripart vetrar árið 1997 var unnið markvisst að því að ljúka skráningu á þeim safngripum sem safnið hefur viðað að sér undanfarna hálfu öld. Samhliða skráningu var gripunum komið fyrir í geymslu safnsins eða sýningarsal þess. Skráningin fer fram í forritinu FileMakerPro og er það notað á mörgum söfnum landsins við skráningu á munum og margvíslegum gögnum.

Við frágang á gripunum unnu Gréta Ósk Sigurðardóttir, Magni Björnsson, Ágúst Steinþórsson, Helgi Valmunsson og Jónína Borgþórsdóttir. Magni sá um hreinsun á járngripum, Ágúst sá um viðgerðir og uppsetningu safngripa í geymslu og Helgi sá um hreinsun á reiðtyggjum og fleiri gripum úr leðri. Jónína vann við skráningu gripanna í tölvu ásamt Önnu Fíu Emilsdóttur. Gréta sá um merkingu og handskráningu þeirra. Laun starfsmannanna voru greidd að stórum hluta með styrk úr Atvinnuleysisstryggingasjóði en einnig af Minjasafni Austurlands.

Þjóðbúninganámskeið

Minjasafnið bauð upp á aðstoð í þjóðbúningagerð í vetur. Fyrir áramót voru stutt námskeið í baldýringu og orkeringu í boði en eftir áramót 1997 var aðstoðað við saum á búningum. Til greina kom að sauma peysuföt, kirtil, upphlut eða þjóðbúning karla.

Námskeiðið í baldýringu var nokkuð vel sótt en ekki varð af orkeringarnámskeiðinu vegna dræmrar þátttöku. Anna Fía Emilsdóttir kenndi að baldíra og leiðbeindi þátttakendum í sambandi við gerð kirtilbúninga, upphluta og þjóðbúninga fyrir karla. Steinunn Kristjánsdóttir leiðbeindi við gerð peysufata.

Jólasveinar kankast á við gesti á jólagleði.

Hin árlega jólagleði

Föstudaginn 12. desember boðaði Minjasafnið, í samvinnu við Bókasafn Héraðsbúa, til hinnar árvissu jólagleði. Gestum og gangandi var boðið uppá nýbakaðar lummur og heitt kakó undir hljómlistarflutningi og söng nema Ármanns Einarssonar, kennara við tónlistarskóla Fellahrepps og Jóns Guðmundssonar, kennara við tónlistarskólann á Egilsstöðum. Mesta eftirvæntingu og gleði vakti heimsókn tveggja al-íslenskra jólasveina, beint ofan af fjöllum. Þeir fengu að launum fyrir innlitið kerti úr tólgarkertasmiðjunni sem starfrækt var í sal Minjasafnsins þennan dag. Þar var líka lesin hugljúf frásögn tengd jólum og á bókasafninu var yngstu börnunum sagðar sögur. Það má með sanni segja að allir þeir fjölmörgu gestir sem litu við þennan eftirmiðdag hafi skemmt sér hið besta og haldið heim með jólagleði í hjarta.

Bókavaka

Í byrjun desember tóku öll söfnin í húsinu, þ.e.a.s. Bókasafnið, Héraðsskjalasafnið og Minjasafnið, höndum saman og efndu til bókavöku með upplestri úr nýjum bókum. Upplestrinum var staður fundinn í anddyri Héraðsskjalasafnsins, þangað var safnað borðum og stólum úr öllu húsinu svo gestir gætu tyllt sér yfir kaffibolla og kertaloga á meðan hlýtt var á höfundana. Átta skáldum og rithöfundum var boðið að lesa úr ritum sínum, jafnt austfirðingum og lengra að komnum. Húsfyllir varð og allir, ungir sem aldnir, fengu lesið eitthvað við sitt hæfi.

Menningarmálaráð Egilsstaðabæjar styrkti bókavökuna.

Sérsýning

Um haustið setti starfsmaður safnsins, Gréta Ósk Sigurðardóttir, upp litla sýningu í sýningarskápum framanvið Bókasafnið á efstu hæð Safnahússins. Á sýningunni var stillt upp ólíkum munum sömu gerðar í þrem efnisflokkum. Efnisflokkarnir voru; viðtæki, lampar og strauboltar. Þar gaf að líta úrval af gripum í vörslu Minjasafnsins í hverjum flokki.

Sumarstarfsemi 1997

Sýningarsalur safnsins var opnaður formlega á annan í hvítasunnu. Sýningar voru opnar á milli kl. 11 og 17 alla daga vikunnar nema mánudaga. Kaffisala og krambúð, með minjagripum, gjafavöru og gamaldags sælgæti, var opin á opnunartíma sýningarsalar. Tóvinna, jurtalitun og sauðskinnskógerð var sýnd og boðið upp á hestakerruferðir. Skrifstofa safnsins var opin virka daga frá kl. 9 til 17. Síðasti opnunardagur sumarsins var 31. ágúst. Fornleifarannsóknir safnsins fóru fram um tveggja mánaða skeið yfir sumartímann, frá 1. júní - 8. ágúst.

Tóvinna

Eins og fram kemur hér að ofan var margt í boði fyrir sýningargesti á sumaropnunartíma safnsins. Á sunnudögum unnu eldri borgarar á Egilsstöðum við tóvinna í baðstofunni frá Brekku. Börn gátu fengið að prófa að spinna, tvinna eða kemma með aðstoð þeirra og fengið árituð diplom fyrir. Í baðstofunni var einnig sýnt hvernig sauðskinnskór voru gerðir, kveðnar rímur og jurtalitun sýnd. Þá var ullin, sem unnin var í baðstofunni, einnig lituð að gömlum hætti í soði ýmissa blóma og jurta.

Hestakerruferðir

Á laugardögum var boðið upp á hestakerruferðir í nágrenni safnsins. Ferðirnar voru aðallega ætlaðar börnum en þær voru ekki síður vinsælar hjá fullorðnum. Helgi Valmundsson var kúskur en hann lánaði safninu jafnframt hestinn sem dró kerruna með gestum safnsins um Lómatjarnarsvæðið á Egilsstöðum.

Guðbjörg Jóhannesdóttir sýnir jurtalitun í sýningarsal safnsins.

Sumarsýningar

Tvær sumarsýningar voru settar upp á árinu í tilefni 50 ára afmælis Egilsstaðabæjar. Innihald sýninganna miðaði að því að heiðra frumbyggja Egilsstaða fyrir uppbyggingu bæjarins, samhliða því sem þær áttu að minna á dagleg störf íbúanna.

Önnur sýningin var sett upp af aðilum sem allir höfðu slitið barnsskónum á Egilsstöðum, gengið saman í grunnskólan og flestir sest þar að. Sýningin hlaut nafnið *Gömlu dagana gefðu mér...* en hún samanstóð af munum sem minntu á liðna tíma á Egilsstöðum. Þar mátti sjá húsgögn, leikföng, fermingargjafir, kort og skeyti, skólabækur, stíla, vörur úr KHB, mjólkurflöskur, glansmyndir, skylduverkefni úr smíðatímum og margt fleira. Á sýningunni gafst einnig tækifæri til að hlusta á tónlist frá sjötta og sjöunda áratugnum.

Egilsstaðabær styrkti uppsetningu þessarar skemmtilegu sýningar en hana unnu Lára Vilbergsdóttir, Guttormur Metúsalemsson, Stefanía Steinþórsdóttir, Sigrún Bjarnadóttir, Signý Ormarsdóttir og Þorsteinn Steinþórsson auk margra annarra sem lögðu hönd á plóginn. Þau lánuðu einnig safninu flesta þá muni sem sýndir voru við þetta tækifæri. Sömu aðilar stóðu fyrir því að sett var upp hornabú og bílabrautir fyrir trébíla utan við inngang Minjasafnsins, þar sem börn gátu leikið sér eins og gert var


fyrirum. Hornabúið var hannað og sett upp af Guttormi Metúsalemssyni. Gissur Árnason smíðaði bílana.

Hin sýningin sýndi áhöld og tæki Þorsteins Sigurðssonar læknis. Hann var einn af fyrstu læknum Egilsstaða, bjó þar nánast alla sína starfstíð og stuðlaði að uppbyggingu heilsugæslu á Egilsstöðum sem og annars staðar á landsbyggðinni. Verk hans og vinna var því innlegg í uppbyggingu Egilsstaða sem bæjar. Áhöld og tæki Þorsteins voru fengin að láni hjá Læknaminjasafninu í Nesstofu á Seltjarnarnesi í tilefni sýningarinnar.

Gestafjöldi

Alls rituðu 3737 gestir nöfn sín í gestabók Minjasafns Austurlands árið 1997. Þar af voru börn 655, auk þeirra 507 skólubarna sem tóku þátt í safnakennslu Minjasafnins. Útlendingar voru 291 eða tæp 8% gesta.

Samanburður á fjölda gesta milli ára



Samtals sóttu 4555 gestir Minjasafnið heim árið 1996, þar af útlendingar 362. Samkvæmt þessu fækkaði gestum um 18% á milli árána 1996 og 1997. Rétt er að minna á að árið 1996 var opunarár safnsins en það hefur tvímælalaust haft áhrif á fjölda gesta.

Fornleifarannsókn

Sumarið 1997 stóð Minjasafn Austurlands fyrir fornleifauppgreftri á lítilli kirkjurúst sem tilheyrir gömlu og gleymdu bæjarstæði í landi Litla-Bakka í Hróarstungu. Bæjarstæðið ber nafnið Geirsstaðir. Uppgröfturinn, sem hófst í byrjun júnímánaðar og stóð til 8. ágúst, er liður í þriggja ára rannsókn safnsins. Rannsóknin miðar að því kanna fyrstu trúarbragðaskipti Íslendinga með hliðsjón af fornleifafræðilegur upplýsingum.

Uppgröfturinn átti sér nokkrun aðdraganda. Sumarið 1996 fór fram könnunarrannsókn á vegum safnsins sem var gerð til að auðvelda val á stað til frekari rannsóknar vegna fyrirhugaðs verkefnis um trúarbragðaskiptin. Sjö rústasvæði á Fljótsdalshéraði voru valin til könnunarinnar, þar á meðal rústirnar í landi Litla-Bakka í Hróarstungu. Lítið var vitað um þessar rústir áður en könnun hófst en ljóst var að henni lokinni að staðurinn var mjög athyglisverður og í framhaldi af því var ákveðið að ein rúst á bæjarstæðinu yrði rannsökuð með fornleifauppgreftri sumarið eftir.

Rústir bæjarstæðisins Geirsstaða eru a.m.k. fjórar, auk beitarhúsatætta frá þessari öld og túngarðs sem umlykur það. Fornleifarannsóknin sumarið 1997 miðaðist fyrst og fremst við uppgröft á hinni meintu kirkjurúst en einnig voru tveir nýir könnunarskurðir teknir á bæjarstæðinu, annar þeirra í túngarðinn en hinn í langhústótt.

Niðurstöður könnunarrannsóknarinnar sumarið 1996 bentu til þess að rústin sem ákveðið var að kanna nánar gæti verið af kirkju frá fyrstu árum kristni á Íslandi. Sunnan við umrædda rúst fannst gryfja með beinum, sem samkvæmt greiningu reyndust vera

mannbein. Eitt beinanna var kolefnisaldursgreint til ársins 980 +/- 60 ár. Greining gjóskulaga sem fundust yfir rústinni bentu til þessa sama aldurs. Þessar upplýsingar gerðu það að verkum að ákveðið var að ráðast í frekari rannsókn á staðnum.

Fleira átti eftir að koma á daginn eftir að uppgröftur hófst sem benti til að rústin væri af kirkju. Rannsókn á gólflagi rústarinnar sýndi að byggingin hafði hvorki verið notuð sem gripahús né íveruhús. Gólflög gripahúsa innihalda yfirleitt tað og hey. Í gólflögum íveruhúsa finnast venjulega kol og aska eftir upphitun og eldun. Þar er venjulega einnig hægt að greina ummerki eftir ullarvinnu eða önnur dagleg störf fólks. Greiningin sýndi jafnframt að byggingin hafði sjaldan verið notuð því sveppagróður hafði oft náð að vaxa í gólfinu. Auk þessa snýr rústin nákvæmlega í höfuðáttirnar austur-vestur, eins og reglur um byggingu kirkna kveður á um.

Gólflag kirkjurústarinnar. Á teikningunni sést gryfjan, veggir og stoðarsteinar. (Úr "Geirsstaðir í Hróarstungu - stórbýli á landnáms- og söguöld". Skýrslur Minjasafns Austurlands IV).

Af yfirborði rústarinnar að dæma virtist húsið vera mjög stórt, um 20 metrar á lengd, en uppgröfturinn leiddi í ljós litla byggingu sem mældist 3 x 6 metrar að innanmáli. Veggir hennar mældust allt að 2 metrar á þykkt á þrjár hliðar en framhlið hússins hefur trúlega verið úr timbri. Aðrir veggir voru byggðir nánast eingöngu úr torfi. Veggirnir voru greinilega fylltir með mold sem hafði verið mokað innan úr grunni hússins og gerði það að verkum að það varð talsvert niðurgrafið.

Framhlið hússins snéri á móti vestri. Við austari enda þess var lítil viðbygging, kór, sem mældist um 1 x 1,5 metrar að stærð. Í gólfinu lágu sex stoðarsteinar í tveimur röðum. Á þeim hafa stoðirnar, sem báru þakið, hvílt. Ekki vottaði fyrir leifum af stoðunum. Undir gólflaginum í rústinni, svo og fyrir framan hana, fundust gryfjur sem voru fullar af kolum og gjalli. Þessar gryfjur hafa verið á staðnum þegar húsið var byggt og hafa verið notaðar til járnvinnslu.

Gryfjan, sem fannst við könnunarrannsóknina sumarið 1996, var einnig grafinn upp með rústinni, enda lá hún þétt upp við syðri langvegg hennar. Gryfjan mældist um 2 metrar á lengd og rúmur metri á breidd. Hún var sporöskjulaga. Við uppgröftinn fundust enn fleiri beinaleifar í gryfjunni, nú a.m.k. tvö handarbein úr manni, en erfiðlega gekk að halda þeim til haga vegna þess hve illa þau voru varðveitt.

Eins og áður sagði var tekinn könnunarskurður í langhúsrúst á Geirsstöðum. Markmiðið var að kanna hvort hér væri um íveruhús bæjarstæðisins að ræða og eins að athuga tengsl milli hennar og kirkjunnar. Gjóskulög sýndu skýrt að þessi bygging hefur verið í notkun á sama tíma og kirkjurústin. Hún var einnig byggð með nánast sama hætti og kirkjan.

Langhúsið er í stærra lagi miðað við önnur norræn langhús frá sama tíma. Það er yfir 30 metrar að lengd og um 13 metrar á breidd. Á húsinu eru tvær viðbyggingar, sem gerir húsið enn tilkomumeira. Túngarðurinn afmarkar einnig mjög stórt svæði í kringum bæjarstæðið og því ljóst að mikil jörð hefur tilheyrt því. Í norðvestri vottar fyrir hliði eða inngangi og þar fyrir utan hefur staðið lítil bygging. Utan við garðinn eru ennfremur afmörkuð engi í ýmsum stærðum.

Til að sjá uppbyggingu og aldur túngarðsins var tekinn könnunarskurður í hann, eins og gert var við langhúsrústina. Skurðurinn sýndi að túngarðurinn hefur á sínum tíma verið nokkuð hár, allt að einn metri. Hann hefur verið að mestu byggður úr torfi en ofan á torfhleslunni hefur verið sett einföld steinaröð, trúlega til að varna því að skepnur færu yfir hann. Gjóskulögin, sem sáust í sniði skurðarins, voru mjög skýr og vottuðu svo ekki var um að villast að túngarðurinn hefur verið byggður á sama tíma og langhúsið og kirkjan.

Að þessum upplýsingum fengnum um kirkjurústina, langhúsið og túngarðinn á Geirsstöðum var komið í ljós áður óþekkt margra alda gamalt stórbyli, jafnvel höfuðból, í Hróarstungu.

Við uppgröftinn sumarið 1997 unnu fornleifafræðingarnir Sherry Curl og Howell Magnús Roberts, og þjóðfræðineminn Þórunn Hrund Óladóttir. Páll Þórisson bóndi á Lindarhóli í Hróarstungu vann við rannsóknina á vegum Tunguhrepps. Leonardo da Vinci stofnunin lagði til einn starfsmann, Libby Urquart, umhverfisfræðing frá Skotlandi. Anna Lísu Guðmundsdóttir, jarðfræðingur á Árbæjarsafni, vann við uppgröftinn í vikutíma í júlí, auk þriggja sjálfboðaliða sem unnu í einn til þrjá daga. Starfsmenn Minjasafnisins, Björn Magni Björnsson og Helgi Valmundsson, aðstoðuðu við að girða rannsóknarsvæðið af. Helgi Elísson frá Hallfreðarstöðum aðstoðaði við að opna uppgrafsarsvæðið með gröfu, svo og að koma skúr starfsmanna á sinn stað. Skúrinn var fenginn var að láni endurgjaldslaust frá Héraðsskógum á Egilsstöðum.

Útgáfustarfsemi og fyrirlestrar

Tveir fyrirlestrar voru haldnir um starfsemi safnsins á árinu 1997. Sá fyrri var haldinn í byrjun mars um niðurstöður könnunarrannsóknar sem fór fram á vegum safnsins sumarið áður. Sagt var frá þeim stöðum sem rannsakaðir voru þá og fyrirhugaðar rannsóknir á vegum safnsins kynntar. Steinunn Kristjánsdóttir hélt fyrirlesturinn í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Hann var öllum opinn.

Síðari fyrirlesturinn var haldinn í lok júnímánuðar á Ársþingi Rotary á Egilsstöðum. Í fyrirlestrinum kynnti Steinunn Kristjánsdóttir fyrirhugaða rannsókn Minjasafnisins á kristnitöku Íslendinga. Fyrirlesturinn var síðan birtur í greinarformi í Rotaryblaðinu sem kom út vegna þingsins. Greinin ber heitið *Mörk heiðni og kristni*.

Skýrslan *Landnámsbær, kirkja, rétt...* sem fjallar um fornleifafræðilega könnunarrannsókn Minjasafnsins sumarið 1996 kom út í mars 1997. Í skýrslunni er skýrt frá rannsóknarstöðunum sem voru sjö talsins, allir á Fljótsdalshéraði. Í henni eru niðurstöður kynntar og sagt frá fyrirhugðaðri rannsókn á einum þessara staða. Skýrslan er skrifuð af stjórnanda rannsóknanna og fæst í safnbúð Minjasafnsins.

Í desemberhefti Múlaþings, byggðasögutímariti Austfirðinga, var birt grein eftir Steinunni Kristjánsdóttur um fornleifauppgröft Minjasafnsins á Geirsstöðum í Hróarstungu. Í greininni er aðdraganda rannsóknanna lýst, svo og framvindu hennar og tengingu við yfirstandandi verkefni Minjasafnsins á kristnitöku Íslendinga.

Rétt fyrir jólin komu þjóðlegar dúkkulísur sem Minjasafnið lét gera, úr prentsmiðju. Gréta Ósk Sigurðardóttir, starfsmaður safnsins og grafíklistakona, teiknaði dúkkulísurnar; karl og konu og fötin á þær, alklæðnaði frá víkingatíma annars vegar og þjóðbúninginn hins vegar. Þær eru til sölu í safnbúð Minjasafnsins og í þrem verslunum í Reykjavík og hefur verið vel tekið.

Jólakortið '97 var gert í samvinnu við Safnastofnun Austurlands. Ljósmynd af 18. aldar altaristöflu úr Hofteigskirkju á Jökuldal, sem getið er í kaflanum um gjafir til safnsins, prýddi kortið að þessu sinni.

Gjafir

Fjöldi gripa barst safninu á árinu 1997. Þeir urðu 1160 talsins. Stærsti hluti gjafanna kom úr dánarbúi Jónasar Péturssonar, Fellabæ. Þá ber sérstaklega að geta merkra gripa frá Hofteigskirkju á Jökuldal, sem sóknarnefnd kirkjunnar færði safninu. Þar er fyrst að nefna altaristöflu með myndum úr sögu Krists máluðum á fjalir. Ljóst er að einhverjar fjalir vantar, en utanum þær sem varðveist hafa er rauður trérammi. Taflan er vísast máluð héraðslendis á 18. öld. Sóknarnefndin gaf einnig tvo hökla, annar er úr rósóttu og bekkjóttu silki, fóðraður með lérefsti hvar í er saumað ártalið 1744 og fangamarkið GIS. Séra Guðmundur Ingimundarson var prestur í Hofteigi frá 1738-1774 og tillagði kirkjunni hökulinn. Hökull þessi gengur í munnmælum undir nafninu “álfahökullinn” eða “hólbúahökullinn” því hann tengist þjóðsögu af Jökuldal sem segir frá því hvernig huldumaður seyddi til sín unga konu. Þegar hún lést 15 árum síðar skilaði hann henni í mannheima svo hún hlýti greftrun í vígðri mold og lét kaleik, hökul og altarisklæði með fyrir legkaup og líksöngseyri. Fjórði og síðasti gripurinn frá Hofteigskirkju er einmitt altarisklæði, rautt en all upplitað, með krossi. Krossinn er gerður af ofnum borðum saumuðum á klæðið.

Innlán - útlán

Allnokkrir gripir voru afhentir safninu til ótímabundinnar varðveislu á árinu. Nesstofusafn afhenti lækniáhöld úr eigu Þorsteins Sigurðssonar læknis, en bás tileinkaður honum var settur upp í sýningarsal í tilefni af 50 ára afmæli Egilsstaðabæjar. Einnig fékk safnið til sýningar 5 gripi úr Njarðvírkirkju, þ.m.t. kirkjuklukku frá 16. öld. Þá eru ótaldir ýmsir munir frá barnastúkunni Æskubraut (áður Skjaldborg) á Borgarfirði eystri, sem nú má skoða í sýningarsal Minjasafnsins. Loks lánuðu Lára Vilbergsdóttir, Guttormur Metúsalemsson, Stefanía Steinþórsdóttir, Sigrún Bjarnadóttir, Signý Ormarsdóttir og Þorsteinn Steinþórsson auk fjölda annarra þá gripi sem sýndir voru á sýningunni *Gömlu dagana gefðu mér....*

Minjasafnið lánaði út nokkra gripi til skemmri tíma. Hallormsstaðaskóli fékk muni, sem áður tilheyrðu skólastarfi þar, í tilefni af sýningu sem sett var upp í vegna 70 ára afmælis skólans. Grunnskóli Seyðisfjarðar fékk ullarnærföt og -sokka barna vegna sýningar á temaviku skólans. Menningarmálaráð Egilsstaðabæjar fékk að láni skaut, traf, spöng og stökkabelti á fjallkonuna 17. júní.

Styrktaraðilar

Ekki er hægt að ljúka við skýrsluna á þess að geta allra þeirra sem styrktu safnið á árinu með einum eða öðrum hætti. Eldri borgarar á Egilsstöðum, Þórólfur, Gunnhildur, Ólafur, Gróa, Guðrún, Laufey, Kristjana, Fjóla, Rakel, Ingibjörg, Þórhallur, Helga, Árni, Ragnheiður, Helga Björg, Hallveig, Stefán og Magnús, gáfu vinnu sína í baðstofunni frá Brekku. Guðbjörg Jóhannesdóttir sýndi jurtaglita, Ingólfur Njálsson kvað rímur í baðstofunni og Petra Björnsdóttir sýndi sauðskinnskógerð einnig í sjálfboðavinnu. Öllum þessum aðilum eru hér með færðar bestu þakkir fyrir framlagið.

Þeir sem lásu upp á bókavöku fá þakkir: Anna Valdimarsdóttir, Sigrún Björgvinsdóttir, Guðjón Sveinsson, Páll Bergþórsson, Hákon Aðalsteinsson, Elín Ebba Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Hjálmarsson og Baldur Grétarsson sem las úr verki frænda síns, Gyrðis Elíassonar. Auk þess fá þakkir þeir aðilar allir sem stóðu að uppsetningu, gáfu eða lánuðu gripi vegna sýningarinnar *Gömlu dagan gefðu mér....*

Tónmenntakennararnir Ármann Einarsson og Jón Guðmundsson og nemandi þeirra fá hjartans þakkir fyrir tónlistarflutninginn á jólagleðinni. Einnig Margrét Stefánsdóttir fyrir upplestur og þeir feðgar Ágúst Ólafsson og Ólafur Ágústsson sem brugðu sér í jólasveinabúning. Þær Guðrún Kristinsdóttir og Halldóra Pétursdóttir veittu starfsfólki dygga aðstoð þennan dag.

Aðrir styrktaraðilar voru Atvinnuleysistryggingasjóður vegna atvinnuáttaksverkefnis, Vísindasjóður Rannsóknarráðs Íslands vegna fornleifarannsókna, Barnamenningar-sjóður vegna framleiðslu dúkkulísa, Leonardo da Vinci-sjóður Evrópuráðsins borgaði einn starfsmann við fornleifarannsóknirnar og sveitastjórn Tunguhrepps kostaði annan. Héraðsskógar á Egilsstöðum lánaði vinnuskúr og Háskóli Íslands lánaði hæðarkíki til sömu rannsóknar. Vélar og Þjónusta hf. styrktu viðgerð á International Harvester dráttarvél í eigu safnsins. Einnig styrkti Egilsstaðabær uppsetningu sýninga vegna 50 ára afmælis bæjarins. Auk þess styrkti Menningarmálaráð Egilsstaðabæjar þjóðbúningarnámskeið safnsins, svo og bókavökuna sem haldin var í desember.